

## Ályktun aðalfundar Samtaka fiskvinnslustöðva 7. október 2005

Á aðalfundi Samtaka fiskvinnslustöðva sem haldinn var í dag voru lagðar fram upplýsingar og útreikningar um þróun heildarafla, afurðaverðs, gengis, hráefniskostnaðar og annara liða er ráða miklu um afkomu í sjávarútvegi.

Allir þessir útreikningar staðfesta versnandi afkomu vinnslugreina og sjávarútvegsins í heild og er orsaka að mestu að leita í hækkandi gengi krónunnar. Þetta er að gerast á sama tíma og verðlag á íslenskum sjávarafurðum í erlendri mynt eru yfirleitt hagstæð að frátöldum afurðum rækjuvinnslunnar.

Aðalfundur Samtaka fiskvinnslustöðva lýsir furðu sinni á þeim aðgerðum í efnahags- og peningamálum sem beinlínis leiða af sér gengishækkun krónunnar, en slíkar aðgerðir grafa um leið undan rekstri útflutningsfyrirtækja í landinu.

Á síðustu 12 mánuðum hefur gengi krónunnar hækkað um 15% gagnvart erlendum gjaldmiðlum og mun það að óbreyttu geta haft í för með sér um 18 milljarða samdrátt í útflutningsverðmæti sjávarafurða á einu ári.

Við þessar aðstæður er afkoma fyrirtækja í sjávarútvegi óviðunandi og eigið fé fyrirtækjanna mun brenna upp verði haldið áfram á þessari braut. Þetta mun leiða að sér samdrátt og stöðvun fyrirtækja í sjávarútvegi um land allt á næstu mánuðum.

Þetta er að gerast á sama tíma og kjarasamningar á almennum vinnumarkaði eru í uppnámi vegna þess að verðbólguþröskulmið samninganna halda ekki og verðbólga stefnir í 4% á þessu ári. Útlánþensla banka og Íbúðarlánasjóðs á þessu ári hefur aukið á þensluna í þjóðfélaginu og leitt til stórhækkaðs verðs á íbúðarhúsnæði einkum á höfuðborgarsvæðinu. Það er raunar ótrúlegt að verðbólga skuli vera vandamál við þessar aðstæður, þegar sjávarútvegur og annar gjaldeyrisskapandi atvinnurekstur greiðir niður verð á innfluttum vörum og þjónustu með þeirri hágengisstefnu sem nú er við lýði hér á landi.

Útilokað er að fiskvinnslan taki á sig á aukinn launakostnað um næstu áramót sem orsakast af þensluástandi undanfarinna mánaða, á sama tíma og þrengt er að rekstri fyrirtækjanna.

Aðalfundur Samtaka fiskvinnslustöðva hvetur til opinna umræðu um stöðu og framtíð útflutnings- og samkeppnisgreina á Íslandi á tímum hágengis og skorar á stjórnvöld að takast á við þann vanda sem við blasir.

